

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurböfn, skv. reglugerð nr. 21, 1. febrúar 1971.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 109.

20. mars 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún nr. 13 19. janúar 1973.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar 27—47 falli niður og inn komi nýr kafli, VIII. kafli **Ýmis ákvæði**, og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 48—52 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 110.

20. mars 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Vopnafjarðarhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
 - b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
 - c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
 - d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.
- Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.**3. gr.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 500 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn kr. 324.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald er kr. 1 200.00. Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.**4. gr.**

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.**6. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00/tonn:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00/tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00/rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.**11. gr.**

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem leyft er að standi á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.****13. gr.**

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur er komið í höfnina.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkurkaupþún nr. 47 19. febr. 1970.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Ólafsvíkurhafnar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar 27—46 falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það þannig að greinar 47—51 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 97 19. apríl 1972 um breytingu á reglugerð nr. 47 19. febr. 1970.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.